

Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um stöðu áforma um stórskipahöfn í Finnafirði.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Í eigu hverra er þýska hlutafélagið Bremenports GmbH & Co. KG sem hefur lýst áhuga á að koma upp stórskipahöfn í Finnafirði?
2. Hafa íslensk stjórnvöld gert samninga við fyrirtækið um undirbúning eða framkvæmd slíks verkefnis og ef svo er, felast í þeim opinberar fjárskuldbindingar?
3. Hafa stjórnvöld gefið fyrirheit um að liðka fyrir verkefninu og þá hvernig?
4. Hverjar eru helstu forsendur opinberra aðila á Íslandi fyrir því að ganga til samvinnu við fyrirtækið um þetta verkefni?
5. Hafa opinberir aðilar gert skuldbindingar við aðra en Bremenports GmbH & Co. KG vegna áforma um stórskipahöfn og fela þær í sér fjárskuldbindingar?
6. Hver eru markmiðin með stórskipahöfn í Finnafirði? Hafa fjármögnunar- og viðskipta-áætlun eða aðrar áætlanir verið kynntar íslenskum stjórnvöldum?
7. Hver eða hverjir yrðu eigendur hafnarinnar ef af verður og í hvaða hlutföllum?
8. Er talið til hagsbóta að erlend fyrirtæki eigi íslenskar hafnir að hluta eða í heild og annist rekstur þeirra?
9. Hver er talinn verða fjárhagslegur ávinningur af stórskipahöfninni fyrir íslenskt samfélag? Er talið að eignarhald á höfninni skipti máli í því samhengi?
10. Hefur mannaflapörf vegna hafnarinnar verið metin miðað við áform um hana? Er talið unnt að manna reksturinn með innlendu vinnuafli eða mun þurfa erlent vinnuafli og þá í hvaða mæli?
11. Hafa verið metin áhrif hafnarinnar á nærsamfélagið, innviði þess og íslenskt samfélag í heild? Er talið að opinberir aðilar geti byggt upp nauðsynlega innviði nægilega hratt til að mæta áhrifum af höfninni?
12. Hefur mengunarhætta af starfsemi stórskipahafnarinnar verið metin og hver eru viðhorf stjórnvalda til þess hvort slíkur rekstur samræmist alþjóðlegum skuldbindingum um mengunarvarnir, verndun hafsins og samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda, m.a. með tilliti til fyrirætlana um þjónustu við skip sem sigla um norðurpólssvæðið?
13. Hvaða kröfur mun starfsemi hafnarinnar gera til íslensks samfélags með tilliti til uppbyggingar mengunarvarna, dráttarskipa, björgunarbúnaðar og ýmiss viðlagabúnaðar?
14. Liggur fyrir hversu víðáttumikið svæði færi undir samgöngumannvirki, gámavelli, vöruskemmur, eldsneytisbirgðastöðvar og önnur mannvirki sem tilheyrðu stórskipahöfninni ef af henni verður? Hefur verið lagt mat á líkleg áhrif slíkra mannvirkja á lífríki og náttúrufar á svæðinu?
15. Hvernig samræmast áform um stórskipahöfn í Finnafirði landsskipulagi?

Skriflegt svar óskast.